



Verðbólgan nálgast markmiðið

VNV hækkaði um 0,13% milli mánaða í nóvember og mælist verðbólgan nú 2,7% samanborið við 2,8% í október. VNV án húsnæðis stóð óbreytt milli mánaða og mælist 2,4% verðbólga á þann mælikvarða.

Opinberar spár lágu á bilinu frá óbreyttri vísitölu til 0,1% hækkunar. Við höfðum spáð óbreyttu.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,7% milli mánaða. Þetta er ívið meiri hækkun en við áttum von á. Við þetta hækkaði tólf mánaða taktur reiknaðrar húsaleigu úr 2,6% í 3,0%.
- **Flugfargjöld til útlanda** lækkuðu um 11,2% milli mánaða í samanburði við 13,3% í nóvember 2018 og 19,7% í nóvember 2017. Þetta er í samræmi við þróunina fyrr í sumar þegar verð á flugi hækkaði mun minna yfir sumarið en áður hafði sést.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** hækkaði um 1,4% milli mánaða. Skýrist það meðal annars af því að sængurfatnaður og handklæði hækkuðu um 3,0% milli mánaða og borðbúnaður, glös, eldhús- og heimilisáhöld hækkuðu um 2,4%.
- **Matur og drykkjarvara** hækkaði um 0,4% milli mánaða, en við höfðum spáð lækkun. Mesta hækkun milli mánaða var í verði á appelsinum og sítrusávöxtum (+6,2%), blað-, stilkgrænmeti og kryddjurtum (+4,9%) og pasta (+4,6%). Hins vegar lækkaði verð á grænmeti ræktað vegna ávaxta¹ (-6,4%), káli (-5,5%), eplum (3,1%) og bönnunum (-2,4%).


Gerum ráð fyrir 2,1% verðbólgu í janúar

Eins og staðan er í dag reiknum við með 0,5% hækkun í desember, 0,5% lækkun í janúar á næsta ári og 0,7% hækkun í febrúar. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,9% í febrúar.

	Vægi í VNV	Breyting milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,2%	0,4%	2,5%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,0%	2,2%
Föt og skór	4,4%	0,0%	2,1%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	0,2%	3,9%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	0,7%	3,0%
Húsgögn og heimilisb.	5,4%	1,4%	2,9%
Heilsa	4,0%	-0,1%	1,8%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,7%	4,8%
Kaup ökutækja	5,6%	-0,5%	0,2%
Bensín og díselolía	3,4%	0,0%	0,1%
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	-11,2%	3,6%
Póstur og sími	1,8%	-0,3%	0,2%
Tómst. og menning	10,1%	0,1%	3,0%
Menntun	0,4%	0,0%	2,4%
Hótel og veitingast.	5,7%	-0,3%	2,4%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,6%	3,9%

Heimild: Hagstofa Íslands

Framlag undirliða




Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands

¹ Inn í þessu eru meðal annars tómatar, agúrkur, paprikur, eggaldin og kúrbítur.




Verðbólgan mælist 2,7% í nóvember samanborið við 2,8% í október.




Heimild: Hagstofa Íslands

Lítill munur er árshækkun vísitölu neysluverðs með og án húsnæðis.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir 2,9% verðbólgu í febrúar á næsta ári.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Stærsti munur á spá okkar og mælingu Hagstofu var að matarkarfan hækkaði um 0,05%, en við höfðum spáð 0,5% lækkun milli mánaða.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag allra helstu undirliða er til hækkunar.



Heimild: Hagstofa Íslands


Um 80% undirliða hafa hækkað síðustu tólf mánuði.




Heimild: Hagstofa Íslands



Flugfargjöld til útlanda lækkuðu um 11,2% milli mánaða og eru 3,6% hærrí en í nóvember 2018.




Árshækkun reiknaðrar húsaleigu er 3,0%.




Visitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafið um einn mánuð.
Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Föt og skór voru nokkurn veginn óbreytt milli mánaða í nóvember.



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er á milli 2,45% og 2,75% eftir því hvaða bréf eru skoðuð.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.